

Nr. 086 / 16 Höfrungur III AK 250***Efnaslys, skipverji slasast á augum***

Skipaskr.nr. 1902
 IMO 8704987
 Smíðaður: Kristinasund N. Noregi 1988
 Útgerð: HB Grandi hf
 Stærð: 784,1 brl. 1521 bt.
 Mesta lengd: 55,6 m Skráð lengd: 47,52 m
 Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
 Vél: Wichmann 3000 kW, 1988
 Fjöldi skipverja: 27



Höfrungur III ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysatilkynning frá skipi
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. ágúst 2016 var Höfrungur III AK 250 á siglingu út af Malarrífi. Veður: NA 15 m/s.

Skipverji var að bæta sápu á blöndunartank á millipílvari af geymslutank sem staðsettur var á veðurpílvari. Taldi hann sig hafa lokað fyrir þrýsting að blöndunartanknum og hleypt þrýstingi af kerfinu. Þegar skipverjinn opnaði lokann til að láta renna á milli tankanna gaus sápa upp úr blöndunartanknum af miklu afli í andlit og augu hans. Augu slasaða voru strax skoluð með vatni og haft samband við lækni til leiðsagnar um meðhöndlun hans.

Við rannsókn kom fram:

- að kvoðuhreinsiefnið sem notuð var á kerfið var af gerðinni TK-940;
- að varúðarmerkingar (*mynd 1*) um meðhöndlun á þessu kvoðuhreinsiefni voru á birgðartank sem staðsettur var á togpílvari og stakkageymslu skipsins. Þar kom m.a. fram að Tk-940 væri mjög ætandi og nota ætti hlífðargleraugu við notkun þess;



Mynd 1 Varúðarmerking útgerðar

- að kvoðuhreinsikerfið saman stóð af birgðartank, skömmunartank og blöndunartank;
- að kvoðuhreinsiefnið var geymt í birgðartank sem staðsettur var á togpílfari. Skömmunartankur var lítill tankur fyrir ofan blöndunartank á vinnslupílfari (*mynd 2*) og var notaður til að mæla rétt magn inn á blöndunartankinn. Til að fylla kvoðuhreinsiefni á blöndunartankinn lá slanga (*rauð á mynd nr. 2*) frá skömmunartank niður í trekt á blöndunartank;
- að TK-940 kvoðuhreinsiefni og vatni var blandað saman í blöndunartank og við notkun var 8 bar vinnuþrýstingur á blöndunartanknum;
- að blöndunartankurinn var með þrýstimæli sem reyndist sýna rétt;
- að vatnslögn með slöngu var við blöndunartankinn en engin sérstakur vatnsskolunar búnaður;
- að engar aðvörunarmerkingar voru við blöndunartankinn né merkingar á lokum (krönum) á þessum búnaði;
- að tveir lokar (*mynd 3*) voru á lögninni milli blöndunartanks og áfyllitrekta (renniloki og kúluloki);
- að skipverjinn var búinn að vera fjórtán ár á þessu skipi og hans helsta vinnusvæði var á togpílfari;
- að rennilokanum (*efri lokanum*) hafði verið bætt við einhverjum mánuðum áður eftir að kúlulokinn (neðri lokinn) opnaðist óvart þegar skipverjar voru að vinna við yfirbreiðslusegl á lóðréttu tækinu við hliðina. Fram kom hjá slasaða að hann hefði ekki verið um borð þennan tíma og honum ekki verið kynntar þessar breytingar;
- að skipverjinn opnaði efri lokann og fékk þrýstingsskot framan í sig upp úr trektinni sem hann hafði hallað sér yfir;



Mynd 2 Blöndunartankurinn og skömmunartankurinn fyrir ofan.



Mynd 3 Áfyllitrekinn á sápublöndunartanknum

- að þrýstingur sat eftir í lögninni milli lokana eftir að blöndunartankurinn var afþrýstur;
- að skipverjinn var ekki með hlífargleraugu en þau voru til um borð til afnota við þrif;
- að fram kom hjá vaktformanni að notkun hlífðargleraugna hefði ekki verið skylda en skipstjóri sagði að það ætti að nota þau en gleraugun hefðu átt það til að fyllast af móðu;
- að eftir slysið voru gerðar breytingar á trektinni (sjá mynd 4) þannig að soðin voru tvö skilrúm ofan í hana til að varna því að efnablandan á tanknum næði að þrýstast beint upp;
- að í ágúst 2017 voru síðan gerðar enn frekari breytingar (sjá mynd 5) á sápukerfinu þannig að í stað áfyllingar á þrýstikútinn í gegnum trekt var lögð efnapólin slanga frá skömmtunarkút. Renniloki var endurnýjaður og einstefnuloki settur milli kúlu- og renniloka. Einstefnulokinn átti að hindra að þrýstiskot kæmist fyrir slysi upp í skömmtunarkútinn. Á afloftunarloka í toppi þrýstikúts var settur svanaháls sem á að veita hugsanlegu sápuskoti aftur- og niður fyrir kútinn. Með þessum aðgerðum taldi útgerðin að tryggt væri að engin opin leið sé fær að þeim sem þjónustar kerfið;
- að fram kom við skoðun að flestir frystitogarar (*m.a. systurskipið Örfirisey RE 4*) eru farnir að nota aðra hönnun á kvoðuhreinsikerfi en þar er notast er við jektor til að sjúga upp kvoðuhreinsiefnið þannig að efnablandan er ekki undir þrýstingi;
- að fram kom hjá slasaða að hann taldi að viðbrögð við slysinu hefðu ekki verið rétt, skolun hætt of fljótt og hann ekki sóttur með þyrlu strax eftir slysið og fluttur undir læknishendur;
- að fram kom í skýrslu útgerðar að slasaði hefði verið meðhöndlaður eftir leiðbeiningum læknis;
- að skv. Öryggisblaði TK-940 í lið 4.1 segir um ráðstafanir í skyndihjálpi: **Snerting við augu;** „*Lyftið augnlokunum og skolið tafarlaust með nógu af*



Mynd 4 Séð ofan í trektina eftir breytingar



Mynd 5 Endanlegar breytingar, trektin farin

vatni. Fjarlægð snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið læknishjálpar tafarlaust! Haldið áfram skolun á leiðinni á slysavearðstofu“.

- að skv. viðkomandi lækni kom fram að haft hafði verið samband við hann u.þ.b. 20-30 mín eftir slysið og eftir lýsingu hefði hann talið að um efnabruna í augum gæti verið að ræða. Skolun var í gangi en stöðug skolun væri mikilvæg þar til slasaði kæmist undir læknishendur. Hann hefði talið ekkert vinnast með því að senda þyrlu þar sem skipið ætti eftir um 3ja klst. siglingu í land;
- að ljóst er að slasaði varð fyrir varanlegum skaða á augum;
- að eftir að lokaskýrsla var afgreidd 3. apríl 2017 komu fram nýjar upplýsingar þannig að málið var endurupptekið og lokaskýrsla afgreidd að nýju.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er ófullnægjandi kvoðuhreinsikerfi og að slasaði notaði ekki viðeigandi hlífðarbúnað.

Nefndin beinir því til sjómanna að mikilvægt er að viðbragðs- og meðhöndlun efnaslysa sé samkvæmt öryggisleiðbeiningum og þær kynntar áhöfn.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir útgerðaraðilum og sjómönnum á mikilvægi þess að farið sé eftir öryggisreglum.